

Undirritaður óskar eftir að fá vilyrði fyrir lóðinni Smáratún 1, Selfossi, til 6 mánaða undir Sænska Húsið sem nú er staðsett að Austurvegi 33. Ég tel að húsið myndi falla vel inn í þá götumynd sem þar er og tóna einnig vel við nýja-gamla miðbæinn sem nú er að rísa.

Agnar Pétursson húsasmíðameistari var búinn að rannsaka húsið nokkuð gaumgæfilega á sínum tíma og taldi þá að það væri raunhæft að flytja Sænska húsið í heilu frá Austurvegi 33 yfir á Sigtún 1b og endurnýja það allt þar. Síðan er liðin nokkuð langur tími. Ég hef ekki gert gaumgæfilega athugun á þessu sjálfur en veit hins vegar fyrir víst að allir innviðir Sænska hússins eru ótrúlega góðir, það er t.d. ekki fúi í grind hússins. En það er ekki víst að það réttlæti kostnað að flytja húsið í heilu á Smáratún 1, en ég myndi samt nýta eins og frekast væri kostur innviði Sænska hússins og það væri allan daginn Sænska Húsið sem er að rísa við Smáratún. Ekki þarf að velkjast í vafa um að ég myndi endurbyggja Sænska Húsið af miklum metnaði svo mikill sómi yrði að og mér finnst lóðin við Smáratún 1 alveg frábær staðsetning fyrir endurnýjað Sænska Húsið. Það væri sorglegra en tárur taki ef niðurstaðan yrði sú að Sænska Húsið yrði rifið og hyrfi af yfirborði jarðar, og einnig írónískt svo ekki sé dýpra í árina tekið, nú þegar verið er að byggja ný/gömul hús í nýja miðbænum alls staðar að af landinu og sama tíma yrði eitt þeim fáu gömlu húsum á Selfossi með sögu rifið.

Ég yrði því mjög glaður ef ég fengi ykkar stuðning við þessari hugmynd og frá Sveitarfélaginu Árborg til að af þessu geti orðið.

Fh. Bellahotel ehf.


Sig. Dagur Sigurðsson

Heiti húss: Sænska Húsið – Austurvegi 33 Selfossi



Byggingarsaga: Sænska húsið var flutt inn frá Noregi sem einingahús á fimmta áratug síðustu aldar og í því bjó meðal margra annarra Ella Danska :). Húsið er timburhús klætt bárujárnri sem stendur á steyptum sökli/kjallara. Húsið er 7,3m á breidd, 18,0m langt og 9,3m hátt mælt frá botnplötu í kjallara. Fyrir framan hús er svo bíslag sem stendur 1,5m fram fyrir húsið og er 3,2m breitt. Húsið á sér töluverða sögu á Selfossi og alið af sér margan mehtar Selfyssinginn.

Austurvegur 33



Austurvegur 33.

